

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1, Ísafirði og Lýðháskólinn á Flateyri (hér eftir „Lýðháskólinn“), kt. 490317-0230, Eyrarvegi 12, Flateyri, gera með sér svohljóðandi

samning

1. gr.

Meginefni samningsins

Lýðháskólinn á Flateyri hóf kennslu haustið 2018, með það að markmiði að skapa nýjan og nánast óþekktan valkost í íslensku menntakerfi og skapa mikilvæga viðbót við mannlíf og möguleika á Flateyri og í nærsveitum. Byggt er á hugmyndafræði Lýðháskóla með áherslu á mannrækt, listsköpun, sjálfbærni, þjálfun og persónuleg gildi menntunar sem slíkrar.

Aðilar samnings þessa eru sammála um að vinna saman að stofnun og rekstri skólans fyrir skólaárið 2018-2019, en nám hófst haustið 2018 með kennslu á tveimur námsbrautum.

Í samningi þessum verður tilgreindur stuðningur Ísafjarðarbæjar við Lýðháskólann skólaárið 2018-2019. Skólastarf hófst í september og lýkur um miðjan maí 2019, með hefðbundnum jóla- og páskafríum.

2. gr.

Framlag Ísafjarðarbæjar til Lýðháskólans á Flateyri

Ísafjarðarbær skuldbindur sig til að:

- a) Veita Lýðháskólanum styrk að fjárhæð kr. 5.000.000,- á vormisseri 2019. Lýðháskólinn skal senda reikning vegna styrksins.
- b) Tryggja fjármagn til Lýðháskólans í samstarfi við stjórnendur skólans, þó að hámarki kr. 5.000.000,- vegna vormisseris á árinu 2019, ef ekki tekst að fjármagna skólann með öðrum hætti, sbr. a) lið 3. gr. þessa samnings.
- c) Leggja til matráð sem er starfsmaður Ísafjarðarbæjar fyrir hádegisverð allt að 40 nemendur og allt að 5 starfsmenn skólans skólaárið 2018-2019. Matseðill verður sá sami og hjá leik- og grunnskólanum á Flateyri. Ísafjarðarbær mun jafnframt leggja til aðstöðu þar sem hádegisverður verður framreiddur Lýðháskólanum að kostnaðarlausu.
- d) Ísafjarðarbær sér um innkaup á hráefni í hádegismáltíðir og greiðir Lýðháskólinn sömu fjárhæð og einstök skólamáltíð kostar samkvæmt gjaldskrá Ísafjarðarbæjar um skólamál í hráefniskostnað. Hráefniskostnaður skal miðast við fjölda nemenda yfir skólaárið auk 5 starfsmanna skólans.
- e) Leggja til Félagsheimilið á Flateyri sem aðstöðu til kennslu, viðburða og annars á vegum Lýðháskólans. Samið verður við Lýðháskólann um utanumhald á starfsemi Félagsheimilisins, skráningu viðburða á vegum annarra sem það vilja nota, þrif o.s.frv. og verður sá samningur viðauki við þennan samning.
- f) Leggja til hluta af efri hæðinni á Grænagarði fyrir skrifstofu skólustjóra og starfsmenn, auk félagsaðstöðu nemenda. Viðveran samsvarar um 40 klst. á viku. Samnýting húsnæðis með félagsmiðstöð er gerð í samráði umsjónamann félagsmiðstöðvar og skal tryggt að starfsemi Lýðháskólans rekist ekii á við starfsemi félagsmiðstöðvar þau kvöld sem félagsmiðstöð er opin.
- g) Leggja til vinnuframlag eins starfsmanns Ísafjarðarbæjar sem stjórnarmann Lýðháskólans á Flateyri, eftir því sem þurfa þykir.
- h) Veita Lýðháskólanum gjaldfrjálsan aðgang að 10 klukkustundum í viku í íþróttahúsinu á Flateyri skólaárið 2018-2019 vegna skipulagðrar íþróttastarfsemi og viðburða á vegum

skólans, að því gefnu að það stangist ekki á við aðra starfsemi íþróttahússins. Aðgangurinn er aðeins ætlaður nemendum og starfsfólki Lýðháskólans.

3. gr.

Framlag Lýðháskólans á Flateyri til samningsin

Lýðháskólinn mun í tengslum við samning þennan:

- a) Vinna að því að tryggja fjármögnun stofnunar og reksturs Lýðháskólans 2018-2019 svo ekki komi til greiðslu tryggingar skv. a lið 2. gr.
- b) Heimila Ísafjarðarbæ að auglýsa eitt skólapláss fyrir nemanda sem hefði forgang í vali á nemendum fyrir skólaárið 2018-2019. Nánari skilyrði fyrir umsækjandur verða unnin í samráði við Ísafjarðarbæ
- c) Tiltaka Ísafjarðarbæ sem einn af bakhjörllum Lýðháskólans. Sem bakhjarli verður Ísafjarðarbæ getið í öllu markaðs- og kynningarefni skólans. Ísafjarðarbær verður nefndur í tengslum við fjölmiðlaumfjöllun, í fréttatilkynningum og verður hampað á viðburðum á vegum skólans þegar hæfa þykir.
- d) Veita Ísafjarðarbæ aðgang að upplýsingum um stöðu Lýðháskólans ef Ísafjarðarbær óskar þess, hvort sem um er að ræða fjárhagslega stöðu eða aðra starfsemi.
- e) Heimila Ísafjarðarbæ að tilnefna einn aðila í stjórn félagsins á meðan samningur er í gildi.

4. gr.

Gildistími

Samningur þessi gildir til 31. maí 2019.

Samningur þessi fellur úr gildi ef rekstur skólans hefst ekki fyrir skólaárið 2018-2019.

5. gr.

Annað.

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða á Ísafirði.

Samningur þessi er í tvíriti og undirritaður í votta viðurvist.

Ísafjarðar 17.12.2018
Staður og dagsetning



[Signature]

F.h. Lýðháskólans á Flateyri

[Signature]
F.h. Ísafjarðarbæjar

Vottar að rétttri dagsetningu og undirritun.

[Signature] 111078-2979
Nafn og kennitala

[Signature] 180578-4999
Nafn og kennitala